

Fimmtudaginn 7. ágúst 1980.

Nr. 2/1980. **Vinnuveitendasamband Íslands
vegna Flugleiða h.f.**

(Baldur Guðlaugsson hdl.)

gegn

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Deilt um skyldu atvinnurekanda til að greiða í sjúkrasjóð. Lög nr. 19/1979, 7. gr.

Dómur.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 30. f.m., er höfðað með stefnu birtri 19. maí s.l.

Málið dæma Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Páll S. Pálsson og Ragnar Ólafsson.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h.f.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h.f. sé ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h.f. í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Þá er þess krafist að Félag íslenskra atvinnuflugmanna verði dæmt til að greiða Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Flugleiða h.f. málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.“

Stefndi gerði í upphafi þær dómkröfur aðallega, að máli þessu yrði vísað frá Félagsdómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfuna 4. júní s.l. Félagsdómur hratt hinni framkomnu frávisunarkröfu með úrskurði uppkveðnum 5. s.m.

Stefndi skaut úrskurðinum til Hæstaréttar, sem staðfesti hann að niðurstöðu til með dómi uppkveðnum 24. júní s.l.

Í þessum þætti málsins krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Í stefnu kemur fram svohljóðandi lýsing málavaxta:

„Málavextir kveður stefnandi vera þá að með lögum nr. 19/1979

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla sem leystu af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, hafi verið lögfest í 7. gr. ný ákvæði um greiðslur atvinnurekenda í sjúkrasjóði, svohljóðandi:

„Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupum verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.“

Eftir gildistöku laganna, sem birtust í Stjórnartíðindum 2. maí 1979 og tóku þegar gildi, hafi stefnandi af vangá talið að 7. gr. kvæði á um afdráttarlausu og undantekningarlausu skyldu allra vinnuveitenda til að greiða 1% af útborguðu kaupum allra starfsmanna sinna í sérstakan sjúkrasjóð, svo fremi ekki ættu sér þegar stað svo háar greiðslur í sjóð með því nafni. Flugleiðir h.f. hafi því byrjað að greiða í sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) 1% af launum flugmanna FÍA í þjónustu Flugleiða h.f. og ennfremur hafi sambærilegar greiðslur hafist í sjúkrasjóð Félags Loftleiðaflugmanna (FLF) vegna félagsmanna FLF í þjónustu Flugleiða h.f.

Á s.l. hausti eftir að þessar greiðslur hafi verið búnar að eiga sér stað í nokkra mánuði, hafi Flugleiðir h.f. áttað sig á því, að flugmannafélögin áttu ekki rétt á þessum greiðslum. Þar hafi tvennt komið til. Í fyrsta lagi telji Flugleiðir h.f. að lög nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna og verði krafa um greiðslur Flugleiða h.f. í sjúkrasjóð FÍA því ekki reist á 7. gr. þeirra laga. Lögin gildi fyrst og fremst um verkafólk og aðra félagsmenn Alþýðusambands Íslands eins og heiti þeirra og forsaga þeirra og undanfari þeirra, þ.e. laga nr. 16/1958 beri glögglega með sér og nánar verði gerð grein fyrir í greinargerð, en FÍA sé ekki í Alþýðusambandi Íslands. Í öðru lagi álití Flugleiðir h.f., að jafnvel þótt 7. gr. laga nr. 19/1979 þætti taka til félagsmanna FÍA í þjónustu Flugleiða h.f. þá fullnægi Flugleiðir h.f. þegar greiðsluskyldu sinni með samingsbundinni greiðslu 1% af launum félagsmanna FÍA í þjónustu sinni í svonefndan félagsjóð FÍA, en um greiðslur Flugleiða h.f. í hann hafi verið samið í kjarasamningum aðila sem undirritaður hafi verið 1. júní 1978 og hafi hann verið hugsaður sem sjúkrasjóður, þótt hann fengi annað heiti.

Af þessum ástæðum hafi fyrirsvarsmönnum FÍA verið tilkynnt munnlega haustið 1979 sú niðurstaða Flugleiða h.f., að þeim bæri ekki að greiða í sjúkrasjóð FÍA og hafi greiðslurnar síðan verið felldar niður frá og með 1. nóvember 1979. Fyrirsvarsmenn FÍA hafi mótmælt þessari ákvörðun Flugleiða h.f. Kjarasamningar Flugleiða h.f. og FÍA hafi runnið út 1. febrúar s.l. samtímis kjarasamningum Flugleiða h.f. og FLF. Hafi samningsumleitaniir staðið yfir að undanfögnu. Af hálfu FÍA hafi því nýlega verið lýst yfir á fundum með sáttasemjara í kjaradeilu Flugleiða h.f. og flugmanna, að FÍA muni ekki taka þátt í neinum efnislegum umræðum um nýja kjarasamninga meðan Flugleiðir h.f. brjóta á FÍA lög samninga með því að greiða ekki 1% af launum flugmanna í sjúkrasjóð FÍA.

Vegna ágreinings um skyldu Flugleiða h.f. til greiðslu í sjúkrasjóð FÍA og vegna þeirra áhrifa sem þessi ágreiningur hafi haft á afstöðu FÍA til kjarasamningagerðar eigi Flugleiðir h.f. ekki annars úrkosta en að skjóta ágreiningi þessum til úrlausnar Félagsdóms.

Dómkröfur stefnanda séu byggðar á sömu málsástæðu og laga-rökum og lágu til þess að greiðslum í sérstakan sjúkrasjóð FÍA var hætt 1. nóvember 1979.“

Krafa stefnanda er í fyrsta lagi byggð á því, að ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 taki ekki til félagsmanna stefnda í þjónustu sóknaraðila. Er málsástæða þessi studd þeim rökum, að við setningu laga nr. 103/1978 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu hafi þáverandi ríkisstjórn gefið launþegasamtökunum fyrirheit um umbætur í félags- og réttindamálum. Af því tilefni hafi svo verið sett lög nr. 19/1979, en þau hafi leyst af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Eins og heiti laga nr. 16/1958 og efni beri með sér, hafi þeim verið ætlað að lögfesta ákveðin lágmarksréttindi til handa hinum lægst launuðu, sem hafi yfirleitt jafnframt búið við lókust kjör að öðru leyti. Í þingskjöllum komi fram, að lagafrumvarpið hafi verið flutt að undangengnum viðræðum milli þáverandi ríkisstjórnar og Alþýðusambands Íslands og hafi það jafnframt verið einu launþegasamtökin sem fengið hafi frumvarpið til umsagnar. Ljóst sé af aðdraganda og efni laga nr. 19/1979 að þeim hafi verið ætlað að gilda fyrir sömu starfsstéttir og lögin nr. 16/1958 tóku til. Eigi þau því fyrst og fremst við félagsmenn stéttarféлага innan Alþýðusambands

Íslands. Megi ráða þetta af ýmsu þótt það sé ekki sagt berum orðum í lögunum, í greinargerð með frumvarpinu eða umræðum á Alþingi. Stefndi geti ekki byggt neinn rétt á lögunum þar sem þau nái ekki til félagsmanna hans, en stefndi sé félag hálaunamanna og sé ekki aðili að Alþýðusambandi Íslands. Stefndi geti heldur ekki byggt kröfur á einstökum greinum laganna því skoða verði þau í samhengi og ákvæði þeirra í heild. Því sé ekki hægt að byggja kröfu um 1% framlag í sjúkrasjóð stefnda eingöngu á ákvæðum 7. gr. laga nr. 19/1979 án tillits til kjara stéttarinnar að öðru leyti. Samkvæmt kjarasamningi sóknaraðila og stefnda skuli greiða flugmanni full laun í veikindaforföllum í 9 mánuði á hverjum 12 mánuðum og $\frac{2}{3}$ hluta launa í næstu þrjá mánuði. Sé ljóst að réttur félagsmanna í veikindum sé því mun betur tryggður en réttur almenns verkafólks samkvæmt lögum nr. 19/1979. Verði ekki fallist á þessa málsástæðu er krafa stefnanda byggð á því, að með greiðslum í svonefndan félagssjóð fullnægi sóknaraðili þegar greiðslum skv. 7. gr. laga nr. 19/1979 og beri sóknaraðila því ekki skylda til að greiða jafnframt í sjúkrasjóð stefnda. Málsástæða þessi er studd þeim rökum að ákvæði um greiðslur sóknaraðila í svonefndan félagssjóð hafi komið inn í kjarasamning aðila sem undirritaður var 1. júní 1978. Aðdragandi þess samningsákvæðis hafi verið sá, að bæði stefndi og Félag Loftleiðaflugmanna hafi gert þá kröfu við endurnýjun kjarasamninga, að sóknaraðili greiddi 1% af launum flugmanna í sérstakan sjóð. Í kröfum stefnda hafi sjóður þessi verið nefndur „félagssjóður“ en í kröfum Félags Loftleiðaflugmanna hafi sjóður þessi verið nefndur „skyndihjálparsjóður“. Fyrirsvarsmenn sóknaraðila hafi litið svo á að í raun og veru væri verið að krefjast framlags til sams konar sjóðs í báðum tilvikum. Þar sem sóknaraðili hafi reynt að gæta þess í kjarasamningum við flugmannafélögin tvö, að sem mest samræmi héldist í kjörum félagsmanna beggja félaga, þá hafi sóknaraðili ákveðið að samþykkja framlög til slíks sjóðs í kjarasamningum við bæði félögin. Hins vegar hafi sóknaraðili ekki séð ástæðu til að hafa afskipti af heiti sjóðanna og hafi niðurstaðan orðið sú, að heitið „félagssjóður“ hafi haldist hjá stefnda en heiti hjá Félagi Loftleiðaflugmanna hafi orðið „hjálparsjóður“. Ljóst sé, að hér hafi í raun og veru verið samið um sömu kjaraatriðin og þótt sjóðirnir hafi hlotið hvor sitt heitið hjá félögunum þá verði að hafa í huga að sóknaraðili hafi látið félögin ráða heitum sjóð-

anna. Hafi sú ákvörðun sóknaraðila að samþykkja framlög til þessara sjóða byggst á því, að þarna væri um að ræða sams konar sjóði hjá báðum félögum, sjúkrasjóði, en með því sé almennt átt við sjóði stéttarfélaga, sem notaðir eru til að styðja félagsmenn þeirra, er illa verða úti í veikindum eða slysum eða aðstandendur þeirra. Því sé litið svo á af hálfu sóknaraðila að með greiðslum í félagssjóð stefnda fullnægi sóknaraðili greiðsluskyldu sinni, ef talið verður að ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 taki til flugmanna.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að ljóst sé af athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 19/1979 að lög- unum hafi verð ætlað að bæta launþegum launaskerðingu, sem leitt hafi af setningu laga nr. 103/1978, með uppbótum á félags- og rétt- indamálasviði launþega. Stefndi sé stéttarfélag flugmanna sbr. 1. gr. laga nr 80/1938 og því félag launþega. Lög nr. 19/1979 eigi því augljóslega við stefnda og félagsmenn hans. Ef það hefði verið vilji löggjafans að undanskilja einstök samtök launþega hefði orðið að taka fram í lögum hvaða launþegahópa þau taki ekki til, en í lögum finnst engin slík undantekning. Orðalag í athugasemdum með frumvarpinu ásamt atriðum þeim, sem voru kveikjan að lög- unum gefi þannig berlega til kynna að það hafi vakað fyrir löggjaf- anum að allir launþegar sætu við sama borð í þessum efnun, en launaskerðing sú sem falist hafi í ákvæðum laga nr. 103/1978 með skerðingu vísitölu hafi að sjálfsögðu einnig tekið til félagsmanna stefnda. Ekki sé fyrir hendi nein viðurkennd skilgreining hugtaksins verkafólk, en ljóst sé að það nái m.a. til iðnaðarmanna og versl- unarfólks, þar með talið skrifstofufólk. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að með orðinu verkafólk í lögum nr. 19/1979 sé átt við alla launþega, svo fremi lög kveði ekki á um annað, svo sem muni vera um ríkisstarfsmenn og starfsmenn sveitarfélaga. Það sé því aug- ljóst, að undir þetta hugtak eins og það er notað af lagasetningar- valdinu í lögum nr. 19/1979 falli flugmenn, sem eru í þjónustu annarra. Í þessu sambandi sé og rétt að benda á, að þótt launþegar njóti réttar til launa í veikindum samkvæmt ákvæðum í kjarasam- ningi, sérstökum lögum eða venju, þá leysi það vinnuveitanda ekki undan að greiða 1% í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, sbr. ákvæði 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1979. Því sé ljóst að nýmæli 7. gr. laganna eigi að koma til viðbótar þeim réttindum, sem launþegar hafa samkvæmt kjarasamningi, lögum eða venju, til

greiðslu launa í veikindum og slysaforföllum. Framlag þetta sé viðbótarréttindi við þegar umsaminn rétt til launa í veikindum og hafi verið hugsað af löggjafanum sem uppbót vegna skertra launa er ákvæði laga nr. 103/1978 hafi haft í för með sér.

Áð því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að sóknaraðili fullnægi nú þegar ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 með því að greiða 1% af launum félagsmanna stefnda í félagssjóð, þá er því haldið fram að sú röksemd fái ekki staðist. Félagssjóður, sem greiðslur þessar hafi runnið í allt frá 15. október 1977, sé allt annars eðlis en sjúkrasjóður, enda sé markmið sjóðanna sitt hvað. Er samið hafi verið um greiðslur 1% af launum í félagssjóð, hafi samningamenn ekki haft sjúkrasjóð í huga, enda sé ekki illa séð fyrir rétti flugmanna til launa í veikindum. Félagssjóður stefnda sé almennur rekstrarsjóður félagsins eins og aðrir slíkir félagssjóðir. Fjárhæðinni hafi þó verið ætlað afmarkað hlutverk, þ.e. að efla tengsl við alþjóðasamtök flugmanna í því skyni að auka þekkingu félagsmanna á sviði tækni og öryggismála flugsins. Sjúkrasjóðsgjaldið hafi komið til mikið seinna og hafi haft allt annan tilgang. Hafi sú réttarbót komið fyrir atbein löggjafans, að vísu sem uppbætur í stað skerðingar launa, sem ákveðin hafi verið með lögum nr. 103/1978.

Fjórir af fyrirvarsmönnum aðila, sem tóku þátt í samningaviðræðum við gerð kjarasamnings þess, er undirritaður var 1. júní 1978 og enn gildir í samskiptum aðila hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur varðandi málefnið.

Álit dómsins.

Það kemur fram í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 16/1958, umræðum um lagafrumvarpið svo og í lögnum sjálfum, að tilgangur löggjafans hefur fyrst og fremst verið að bæta kjör verkafólks sem fékk greidd laun sín í tíma- eða vikukaupi með því að mæla fyrir um rétt þess til uppsagnarfrests og launa í veikinda- og slysaforföllum, en jafnframt var kveðið á um lágmarksrétt fastra starfsmanna til launa í veikinda- og slysaforföllum. Lög nr. 19/1979 komu í stað laga nr. 16/1958, og bera þau heitið „Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.“

Félagsmenn stefnda í þjónustu sóknaraðila verða ekki taldir verkafólk í skilningi laga nr. 19/1979. Ber því að fallast á með stefnanda, að sóknaraðila sé óskýlt að greiða 1% af launum þessara

félagsmanna stefnda í sérstakan sjúkrasjóð samkvæmt 7. gr. nefndra laga.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Flugleiðum h.f., er ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h.f. í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 3/1980. Miðvikudaginn 21. janúar 1981.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
 vegna **Vélstjórafélags Íslands**
 (Hjalti Steinþórsson hdl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
 f.h. **Landssambands íslenskra útvegsmanna**
 vegna
 Útvegsmannafélags Reykjavíkur,
 Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar,
 Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs,
 Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,
 Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,
 Útvegsmannafélags Suðurnesja,
 Útvegsmannafélags Akraness,
 Útvegsmannafélags Snæfellsness,
 Útvegsmannafélags Norðurlands
 og Útvegsmannafélags Austfjarða
 (Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningar. Deilt um skyldu atvinnurekenda til að halda eftir af kaupi félagsgjaldi til verkalýðsfélags.